Ed. **141. Frumvarp**

til laga um viðauka og breytingu á lögum 4. nóv. 1881, um útflutningsgjald af fiski, lýsi o. fl.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Af eftirtöldum vörum skal útflutningsgjald greiða svo sem hjer segir:

1. Af hverjum 50 kg. af saltfiski eða hertum fiski 25 aura.
2. Af fiski, sem flytst út hálfhertur, saltaður eða nýr, af hverjum 100 fiskum 40 aura.
3. Af hverjum 50 kg. af sundmaga 60 aura.
4. Af hverri tunnu af hrognum 30 aura.
5. Af síldartunnu (108—120 pt.), í hverjum umbúðum sem hún flytst, 100 aura. Gjald þetta greiðist eigi lengur en til 1. jan. 1920.
6. Af hverri tunnu lýsis (105 kg.), þar með talið síldarlýsi, 60 aura.
7. Af laxi, hvort heldur söltuðum, reyktum eða niðursoðnum, af hverjum 50 kg. 60 aura.
8. Af öllum fiski niðursoðnum, öðrum en laxi, af hverjum 50 kg. 20 aura.
9. Af hverjum 50 kg. af heilagfiski 10 aura.
10. Af hverjum 50 kg. af kola 6 aura.
11. Af hverjum 50 kg. af hvalskíðum 200 aura.
12. Af hverjum 100 kg. af fóðurmjöli 100 aura.
13. Af hverjum 100 kg. af fóðurkökum 100 aura.
14. Af hverjum 100 kg. af áburðarefnum 30 aura.
15. Útgerðarmenn skipa, sem stunda fiskveiðar hjer við land og flytja afla sinn til útlanda ósaltaðan og óhertan, greiða 1% af brúttó-söluverði aflans erlendis, og skal gjald þetta greiðast hlutaðeigandi lögreglustjóra áður mánuður er liðinn frá brottför skips hjeðan. Er útgerðarmanni skylt að afhenda lögreglustjóra, áður sá tími er liðinn, sölureikning um aflann erlendis eða önnur gögn, er sanna söluverðið, en sjeu slik gögn eigi fyrir hendi, kemur drengskaparyfirlýsing útgerðarmanns eða skipstjóra í þeirra stað.

2. gr.

Um gjald þetta og greiðslu þess fer eftir fyrirmælum laga nr. 16, 4. nóv. 1881, um útflutningsgjald af fiski, lýsi o. fl., að því leyti sem lög þessi mæla eigi öðruvísi fyrir.

3. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numin fyrri málsgrein 2. gr. laga nr. 16, 4. nóv. 1881, um útflutningsgjald af fiski, lýsi o. fl., lög nr. 10, 13. apríl 1894, um viðauka og breyting á lögum 4. nóv. 1881, um útflutningsgjald af fiski, lýsi o. fl., lög nr. 8, 6. mars 1896, um breyting á lögum nr. 10, 13. apríl 1894, lög nr. 11, 31. júlí 1907, um breyting á lögum nr. 10, 13. apríl 1894, um útflutningsgjald, og lög nr. 31, 12. okt. 1912, um viðauka við lög um útflutningsgjald af fiski, lýsi o. fl., nr. 16, 4. nóv. 1881.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.